

1987 nr. 97 31. desember**Lög um vörugjald**

Tóku gildi 1. janúar 1988. Breytt með 1. 95/1988 (tóku gildi 27. des. 1988 hvað varðar innfluttar vörur en frá og með 1. jan. 1989 varðandi innlenda framleiðslu), 1. 51/1989 (tóku gildi 1. júní 1989; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 10. gr.), 1. 18/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), 1. 122/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), 1. 52/1994 (tóku gildi 20. maí 1994, sjá þó 3. gr.), 1. 89/1996 (tóku gildi 1. júlí 1996), 1. 148/1996 (tóku gildi 1. febr. 1997), 1. 89/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998, sjá þó ákvæði til bráðabirgða), 1. 4/1999 (tóku gildi 5. mars 1999), 1. 103/2000 (tóku gildi 1. júlí 2000), 1. 104/2000 (tóku gildi 1. júlí 2000), 1. 155/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001), 1. 72/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), 1. 175/2006 (tóku gildi 1. mars 2007 nema 2. og 6. gr. sem tóku gildi 30. des. 2006), 1. 147/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), 1. 175/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), 1. 17/2009 (tóku gildi 15. mars 2009, birt í Stjóttíð. 19. mars 2009), 1. 70/2009 (tóku gildi 30. júní 2009 nema 1.–3. gr., 12.–26. gr. og brbákv. V og VI sem tóku gildi 1. júlí 2009, 4. gr. sem tók gildi 1. sept. 2009 og brbákv. IV sem tók gildi 16. júní 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr., sbr. og 1. 97/2009 (tóku gildi 3. sept. 2009)), 1. 97/2009 (tóku gildi 3. sept. 2009), 1. 130/2009 (tóku gildi 30. des. 2009 nema 7.–9. gr. og 13.–42. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), 1. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), 1. 14/2010 (tóku gildi 13. mars 2010), 1. 165/2010 (tóku gildi og komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 69. gr.), 1. 22/2011 (tóku gildi 15. mars 2011), 1. 46/2011 (tóku gildi 18. maí 2011), 1. 121/2011 (tóku gildi 1. nóv. 2011), 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), 1. 18/2012 (tóku gildi 15. mars 2012), 1. 156/2012 (tóku gildi 1. mars 2013), 1. 21/2013 (tóku gildi 16. mars 2013), 1. 22/2013 (tóku gildi 16. mars 2013; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 9. gr.), 1. 141/2013 (tóku gildi 1. jan. 2014) og 1. 76/2014 (tóku gildi 1. jan. 2014, birt í Stjóttíð. 6. júní 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

Upphafsaákvæði.

■ **1. gr.** Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslu meðferð innan lands eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

■ **2. gr.** Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp [í viðauka I við lög þessi].¹⁾ Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld. . . .²⁾

□ Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum [tollalaga, nr. 88/2005].³⁾ . . .¹⁾

¹⁾ L. 89/1996, 1. gr. ²⁾ L. 22/2013, 1. gr. ³⁾ L. 147/2008, 30. gr.

■ **3. gr.** [Vörugjald skal reiknað með tvenns konar hætti; annars vegar sem tiltekin fjárhæð fyrir hvert kílógramm eða hvern lítra af gjaldskyldri vöru (magngjald), en hins vegar sem tiltekið hlutfall af verðmæti gjaldskyldrar vöru (verðgjald).

□ Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í A-lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

□ Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í B-lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvern lítra af vörunni, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

□ Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í [C–E-liðum]¹⁾ í viðauka I, skal greiða gjald af verðmæti vöru sem hér segir:

1. 15% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C-lið.

2. 20% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í D-lið.

3. 25% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í E-lið.

4. . . .¹⁾

□ [Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar um útreikning vörugjalds getur tollstjóri heimilað innflytjanda [eða framleiðanda]²⁾ matvæla sem falla undir A- og B-lið í viðauka I við lögin að tilgreina á tollskýrslu [eða vörugjaldsskýrslu]²⁾ þyngd [sykurs],²⁾ viðbættis sykurs eða sætuefnis í vöru melda í kílógrömmum eða grömmum og greiða vörugjald í samræmi við þá þyngd. Fari innflytjandi [eða framleiðandi]²⁾ fram á að reikna gjald með þessum hætti skal hann vera tilbúinn til að framvísa innihaldslýsingu frá framleiðanda vöru þar sem fram kemur nákvæm þyngd sykurs eða sætuefna, hvenær sem tollstjóri óskar eftir því. Nýti innflytjandi [eða framleiðandi]²⁾ sér heimild samkvæmt þessari grein skal grunnur til útreiknings vörugjalds vera 210 kr. á hvert kílógramm af viðbættum sykri. Í þeim tilvikum þar sem sætuefni kemur í stað sykurs í vöru eða er til staðar ásamt sykri og innflytjandi [eða framleiðandi]²⁾ nýtir sér heimild samkvæmt þessari grein skal hann á grundvelli innihaldslýsingar tilgreina þyngd sætuefna í vöru og greiða 42 kr. fyrir hvert gramm af viðbættum sætuefnum í vörunni.]³⁾⁴⁾

¹⁾ L. 148/1996, 1. gr. ²⁾ L. 22/2013, 2. gr. ³⁾ L. 156/2012, 1. gr. ⁴⁾ L. 89/1996, 2. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

■ **4. gr.** Skylda til að greiða vörugjald hvílir á þessum aðilum:

1. Öllum þeim sem flytja til landsins vörugjaldsskyldar vörur hvort sem er til eigin nota eða endursölu.

2. Öllum þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldum vörum innan lands. . . .¹⁾

[3. Aðilum sem skráðir hafa verið sérstakri skráningu skv. 5. gr.]¹⁾

□ [Aðilar, sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá [tollstjóra].²⁾¹⁾ Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er framleiðendum vara sem falla undir A- og B-lið í viðauka I, sem ekki hefur verið veitt heimild skv. 10. gr. til að kaupa hráefni eða efnivöru án vörugjalds, ekki skylt að tilkynna um starfsemi sína eða atvinnurekstur til skráningar hjá tollstjóra.

□ Heimild skv. 10. gr. til að kaupa hráefni eða efnivöru án vörugjalds verður ekki gefin út til framleiðanda vörugjaldsskyldra matvæla án þess að skráning skv. 2. mgr. hafi átt sér stað.

□ 3. og 4. mgr. eiga þó ekki við um framleiðendur vara sem falla undir vöruliðinn 1701 í tollskrá í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005.]³⁾

¹⁾ L. 89/1996, 3. gr. ²⁾ L. 156/2012, 2. gr. ³⁾ L. 156/2012, 3. gr.

■ **[5. gr.** Aðilar, sem flytja inn eða kaupa innan lands gjaldskyldar vörur til heildsölu, geta fengið sérstaka skráningu hjá [tollstjóra].¹⁾ Skilyrði slíkrar skráningar eru:

1. Að aðili hafi heildsöluleyfi.

2. Að aðili haldi sérstakt birgðabókhald yfir þær vörur sem vegna skráningarinnar lúta sérreglum um uppgjör vörugjalds í samræmi við reglur²⁾ sem [tollstjóri]³⁾ setur.

□ Aðila, sem fengið hefur sérstaka skráningu, er heimilt að flytja gjaldskyldar vörur inn til landsins eða kaupa gjaldskyldar vörur innan lands af framleiðanda eða af öðrum sérstaklega skráðum aðila án þess að skylda stofnist til greiðslu vörugjalds, sbr. 4. mgr. 9. gr.

□ Innlendum framleiðendum og aðilum sem fengið hafa sérstaka skráningu er heimil sala eða afhending á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem skráðir eru samkvæmt þessari grein.

□ Þegar aðili, sem fengið hefur sérstaka skráningu, kaupir gjaldskyldar vörur án vörugjalds skal tilgreina á sölureikningum það magn eða það verð sem myndar gjaldstofn vörugjalds.¹⁾

¹⁾ L. 156/2012, 2. gr.²⁾ Rgl. 270/2014. ³⁾ L. 22/2013, 3. gr. ⁴⁾ L. 89/1996, 4. gr. [Gjaldstofn verðgjalds.]¹⁾

¹⁾ L. 89/1996, 5. gr.

■ [6. gr. Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í [C–E-liðum]¹⁾ í viðauka I, er tollverð þeirra eins og það er ákveðið í 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.]²⁾

¹⁾ L. 148/1996, 2. gr. ²⁾ L. 89/1996, 5. gr.

■ [7. gr. Gjaldstofn vörugjalds af innlendum framleiðsluvörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í [C–E-liðum]¹⁾ í viðauka I, er verksmiðjuverð þeirra.

□ Verksmiðjuverð er söluverð vöru frá framleiðanda, þ.e. það verð sem kaupandi greiðir eða ber að greiða við kaup á vöru af framleiðanda án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds.

□ Samsvari verksmiðjuverð ekki heildarandvirði vöru, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað verðmæti sem vörugjald hefur ekki þegar verið greitt af, skal heildarandvirði vörunnar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

□ Ef framleiðandi er jafnframt heildsali eða smásali vöru eða ef verksmiðjuverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum skal gjaldstofn vera almennt gangverð á sömu eða sams konar vöru við sölu frá framleiðendum. Ef slíkt almennt gangverð liggur ekki fyrir skal gjaldstofn vera verksmiðjuverð framleiðanda á sömu eða sams konar vöru í sambærilegum viðskiptum við óháða aðila.

□ Ef framleiðandi og kaupandi eru háðir hvor öðrum í skilningi [2. mgr. 14. gr.]²⁾ tollalaga er skattyfirvöldum heimilt að ákvarða gjaldstofn samkvæmt ákvæðum 4. mgr. [Tollstjóri]³⁾ skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari málsgrein.⁴⁾

¹⁾ L. 148/1996, 3. gr. ²⁾ L. 22/2013, 4. gr. ³⁾ L. 156/2012, 2. gr. ⁴⁾ L. 89/1996, 6. gr.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

■ [8. gr. [Tollstjóri skal]¹⁾ reikna vörugjald af gjaldskyldum vörum sem aðilar, aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 5. gr., flytja til landsins. [[Tollstjóri]²⁾ annast álagningu vörugjalds vegna innlendra framleiðslu og innflutnings aðila sem skráðir eru skv. 5. gr. . . .]³⁾⁴⁾

□ [[Framleiðendur]⁵⁾ vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. [Framleiðendur]⁵⁾ geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollyfirvalda um tollflokkun vöru er bindandi fyrir framleiðanda og skattyfirvöld.]⁶⁾

¹⁾ L. 147/2008, 31. gr. ²⁾ L. 156/2012, 2. gr. ³⁾ L. 136/2009, 48. gr. ⁴⁾ L. 89/1998, 1. gr. ⁵⁾ L. 156/2012, 4. gr. ⁶⁾ L. 89/1996, 7. gr.

■ [9. gr. [Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.]¹⁾

□ Innflytjendur, sem flytja vörur til landsins til endursölu, aðrir en þeir sem jafnframt eru skráðir skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu. Aðilar, sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, skulu greiða vörugjald við tollafgreiðslu.

□ Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Þó skal ekki greiða vörugjald af vörum sem voru seldar án vörugjalds til skráðra aðila skv. 5. gr. [eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.]¹⁾

□ Aðilar, sem skráðir eru skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af þeim vörum sem þeir hafa keypt eða fengið tollafgreiddar á tímabilinu eða voru til staðar í birgðum í upphafi uppgjörstímabils en eru ekki til staðar í birgðum við lok uppgjörstímabils samkvæmt birgðabókhalði. Þó skal hvorki greiða vörugjald af þeim vörum sem vörugjald hefur þegar verið greitt af né af vörum sem voru seldar án vörugjalds til annarra skráðra aðila skv. 5. gr. [eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.]¹⁾

□ Gjaldskyldir aðilar skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila vörugjaldsskýrslu í því formi sem [tollstjóri]²⁾ ákveður vegna vara sem greiða ber vörugjald af á uppgjörstímabilinu. Jafnframt skal tilgreina í skýrslunni sölu á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem eru skráðir skv. 5. gr. [eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.]¹⁾ [Tollstjóri]²⁾ skal áætla vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki skila skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. [Tollstjóri]²⁾ skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. [Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.]¹⁾

□ Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærri en 10%.

□ Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir [lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001],³⁾ með síðari breytingum.]⁴⁾

¹⁾ L. 89/1998, 2. gr. ²⁾ L. 156/2012, 2. gr. ³⁾ L. 22/2013, 5. gr. ⁴⁾ L. 89/1996, 9. gr.

■ [10. gr. [[Tollstjóri]¹⁾ skal veita framleiðendum vöru, sem nota í framleiðslu sína hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald, heimild til að kaupa af innflytjendum, innlendum framleiðendum og aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr. hráefni eða efnivöru án vörugjalds. Slíkt heimild veitir framleiðanda jafnframt heimild til endurgreiðslu á vörugjaldi af hráefni og efnivöru sem hann hefur sjálfur flutt til landsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. Í umsókn til [tollstjóra]¹⁾ skal m.a. tilgreina um hvers kyns framleiðslu er að ræða og til hvaða hráefna eða efnivöru óskað er að heimildin nái.

□ [Tollstjóra er heimilt að endurgreiða innflytjendum og/eða innlendum framleiðendum vörugjald sem þeir hafa greitt í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar innflytjandi hefur nýtt hráefni eða efnivöru í framleiðslu innflytjanda sjálfs skv. 1. mgr.

2. Þegar innflytjandi eða innlendir framleiðandi selur vöru, hráefni eða efnivöru án vörugjalds til handhafa framleiðsluskírteinis, sbr. 1. mgr.

3. Þegar innlendir framleiðandi selur vöru án vörugjalds til skráðra aðila skv. 5. gr.

□ Innflytjandi eða innlendir framleiðandi skal tilgreina í sérstakri skýrslu til tollstjóra um slíka sölu eða nýtingu, þar með talið til hvaða aðila varan er seld, magn vöru og tegund, svo og fjárhæð vörugjalds. Þegar um endanlega framleiðsluvöru er að ræða skal tilgreina innihaldslýsingu. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi vörugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.²⁾

□ Heimild samkvæmt þessari grein nær einungis til hráefnis eða efnivöru sem verður hluti af hinni endanlegu framleiðsluvöru. Heimildin nær hvorki til kaupa eða innflutnings á efnivörum til byggingar eða viðhalds á fasteignum né til nýsmíði eða viðgerða á ökutækjum.³⁾⁴⁾

¹⁾ L. 156/2012, 2. gr. ²⁾ L. 141/2013, 4. gr. ³⁾ L. 89/1998, 3. gr. ⁴⁾ L. 89/1996, 9. gr.

■ [11. gr. Heimilt er að kæra álagningu vörugjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til [tollstjóra]¹⁾ . . . ²⁾ Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi vörugjaldsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 5. mgr. 9. gr. Tollstjóri . . . ²⁾ skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

□ [Gjaldskyldur aðili getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufrest og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 118. gr. tollalaga.]¹⁾

□ . . . ²⁾³⁾

¹⁾ L. 147/2008, 32. gr. ²⁾ L. 156/2012, 5. gr. ³⁾ L. 89/1996, 10. gr.

■ [12. gr. Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, viðurlög og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga [um innfluttar vörur]¹⁾ og laga um virðisaukaskatt [um innlendar framleiðsluvörur].¹⁾

□ [Vegna eftirlits með skilum á vörugjaldi skal tollstjóri hafa sömu heimildir til eftirlits og öðrum skattyfirvöldum eru veitt í 38. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.]²⁾

□ [Ákvæði 4. gr., 6. gr. og 2. tölul., 4.–8. tölul. og 12.–15. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, skulu ná til vörugjalds samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.]³⁾⁴⁾

¹⁾ L. 89/1998, 4. gr. ²⁾ L. 156/2012, 6. gr. ³⁾ L. 147/2008, 33. gr. ⁴⁾ L. 89/1996, 11. gr.

■ [13. gr.]¹⁾ [Ráðherra]²⁾ setur í reglugerð³⁾ nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, uppgjörstímabil, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. . . .⁴⁾

¹⁾ L. 89/1996, 12. gr. ²⁾ L. 126/2011, 122. gr. ³⁾ Augl. 336/1994. Rg. 436/1998, sbr. 52/2000, 84/2007 og 822/2013. Rg. 390/1999, sbr. 898/1999. Rg. 630/2008. ⁴⁾ L. 104/2000, 14. gr.

■ [14. gr.]¹⁾ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. . . .

¹⁾ L. 89/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ [I.–VI. . .]¹⁾

¹⁾ L. 95/1988, brbákv.

■ [VII. . .]¹⁾

¹⁾ L. 18/1993, brbákv.

■ [VIII. . .]¹⁾

¹⁾ L. 89/1996, brbákv.

■ [IX. Heimilt er að fella niður eða endurgreiða vörugjald af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til [31. desember 2010].¹⁾ Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.]²⁾

¹⁾ L. 130/2009, 4. gr. ²⁾ L. 72/2005, 6. gr.

■ [X. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾ L. 17/2009, 2. gr.

■ [XI. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila janúar og febrúar annars vegar og mars og apríl hins vegar, á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾ L. 14/2010, 2. gr.

■ [XII. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilsins nóvember og desember á árinu 2010 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾ L. 165/2010, 68. gr.

■ [XIII. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabilsins janúar og febrúar á árinu 2011 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.]¹⁾

¹⁾ L. 22/2011, 2. gr.

■ [XIV. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila mars og apríl, maí og júní,

júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember á árinu 2011 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.¹⁾

¹⁾ L. 46/2011, 2. gr.

■ [XV. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila á árinu 2012 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.¹⁾

¹⁾ L. 18/2012, 2. gr.

■ [XVI. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr.

4. gr., vegna uppgjörstímabila á árinu 2013 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.¹⁾

¹⁾ L. 21/2013, 2. gr.

■ [XVII. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila á árinu 2014 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.¹⁾

¹⁾ L. 141/2013, 5. gr.

[Viðauki I við lög um vörugjald.]¹⁾

¹⁾ Sjá augl. A 26/1997, sbr. l. 89/1998, 5. gr., l. 4/1999, 1. gr., l. 103/2000, 1. gr., l. 175/2006, 1. gr., l. 70/2009, 4. gr., l. 97/2009, 1. gr., l. 130/2009, 5. gr., l. 121/2011, 3. gr., l. 156/2012, 7. gr., l. 22/2013, 6. gr. og l. 76/2014, 2. gr.